

Bókun frá 24. fundi velferðarnefndar 17. mars 2026**4. 2603071 - Reglur um heimgreiðslur**

Sviðsstjóri fylgir eftir minnisblaði og reglum er varðar heimgreiðslur fyrir börn 12-30 mánaða í sveitarfélaginu Árborg. Óskað er eftir umsögn velferðarnefndar.

Velferðarnefnd tekur jákvætt í tillögur um reglur um heimgreiðslur í Svf. Árborg. Heimgreiðslur geta komið til móts við þá foreldra sem bíða þess að barn fái úthlutað leikskólaplássi í Svf. Árborg.

Nefndarfulltrúi S-lista leggur fram eftirfarandi bókun:

Þessi tillaga frá meirihluta D- og Á-lista sýnir svo ekki verður um villst að það styttest í kosningar. Það er einkennilegt að tillaga um heimgreiðslur skyldi ekki koma fram í fjárhagsáætlunarvinnunni sl. haust og sett inn í fjárhagsáætlun ársins 2026 sem samþykkt var í desember sl. Það þykja ekki góðir stjórnsýsluhættir að þurfa að samþykkja viðauka við fjárhagsáætlun svo skömmu eftir að hún er samþykkt. Undirrituð hefur áhyggjur af því að áætlun um kostnað vegna heimgreiðslna sé allt of lág þar sem að það muni fleiri sækja um greiðslur heldur en gert er ráð fyrir í áætlun.

Þrátt fyrir að seint sé í rassinn gripið þá er það þó jákvætt að tveimur mánuðum fyrir kosningar skuli meirihlutanum skyndilega verða umhugað um fjölskyldur sem bíða eftir þjónustu fyrir ung börn sín.

Svf. Árborg hefur því miður dregist verulega aftur úr nágrannasveitarfélögunum þar sem ekki er þörf á að bjóða upp á heimgreiðslur í dag því þar eru í boði næg leikskólaplássi og enginn biðlisti. Auk þess er farið að bjóða upp á gjaldfrjálsa leikskóla, ungu fólki munar aldeilis um minna.

Ungir foreldrar sem hafa lokið fæðingarorlofi sínu eru ekki að biðja um heimgreiðslur, þeir þurfa að komast aftur til vinnu sinnar til þess að ná endum saman. Heimgreiðslur eru ákveðin uppgjöf, plástur á sár en engin raunveruleg lausn á skorti á þjónustu við ungar barnafjölskyldur. Það er þó vissulega eilítil sárabót að þær fjölskyldur sem búa við tekjuskerðingu vegna skorts á þjónustu, skuli fá smáræðis stuðning frá sveitarfélaginu.

Arna Ír Gunnarsdóttir nefndarfulltrúi S-lista